Sveitarfélagið Ölfus

# Starfsmaður óskast
# á heimili fyrir fatlaða

**Sveitarfélagið Ölfus leitar eftir starfsmanni í afleysingar vegna orlofs starfsmanna frá 1. júní – 31. ágúst.
Starfið er vaktavinna á heimili fatlaðs fólks í Þorlákshöfn.
Skemmtilegt og lærdómsríkt starf á heimili þar sem bæði andlega og líkamlega fatlaðir einstaklingar búa.**

**Í starfinu felst að íbúum er veittur persónulegur stuðningur í daglegu lífi.
Leitað er að starfsfólki sem hefur áhuga á að starfa með fötluðum.
Áhersla er á að borin sé virðing fyrir íbúum,
heimilisbrag sé viðhaldið
og auk þess að stunduð sé útivist með íbúum.**

**Leitað er eftir starfsmönnum með einhverja menntun svo sem stuðningsfulltrúanám eða félagsliðanám og/eða reynslu af starfi með fötluðum.
Starfsmenn þurfa að vera jákvæðir og áhugasamir, sjálfstæðir, stundvísir og viðhafa skipulögð vinnubrögð.
Færni í mannlegum samskiptum.
Viðkomandi þarf að hafa hreint sakavottorð.**

**Umsækjendur sem munu koma til greina við ráðningu munu þurfa að skila sakavottorði sbr. lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992 43. gr.**

**Umsóknareyðublöð fást á bæjarskrifstofum og hjá forstöðuþroskaþjálfa að Selvogsbraut 1 eða á www.olfus.is**

**Skila þarf umsóknum á bæjarskrifstofur eða rafrænt á www.olfus.is
Laun eru skv. Kjarasamningi FOSS og launanefndar.**

**Allar nánari upplýsingar veitir forstöðuþroskaþjálfi
Steinunn E. Þorsteinsdóttir
í síma 483 3844 og á póstfangið steinunn@olfus.is**

**Umsóknarfrestur til og með 30.apríl 2017
Öllum umsóknum verður svarað.**